

4. nóvember 2013

### Samráðsfundur fulltrúa foreldrafélaga grunnskóla, Hafnarfjarðarbæjar og lögreglu

Við höfum hist einu sinni að hausti og farið yfir helstu mál og samstillt okkur varðandi áherslur og samstarfs. Hér með boða ég til slíks fundar og hvet hvert foreldrafélag til að tryggja að fulltrúi mæti úr hverju skólasamfélagi og kynni það helsta sem fyrir liggur og deili með okkur álitamálum.

#### Dagskrár

1. Æskulýðs- og forvarnarfulltrúi ræðir um áramót, samstarf okkar og áherslur
2. Fulltrúi hvers foreldrafélags segir frá helstu áherslum og verkefnum í starfinu í vetur, forvarnaverkefnum, foreldrarölti og því sem er efst á baugi
3. Sálfræðingur fjölskyldusviðs fjallar um mikilvægi þess að láta sér samfélagið máli skipta
4. Lögregla segir frá afbrotatíðni, hópamyndunum í miðbæ sem hafa þróast og því sem er efst á baugi
5. Götuvitinn segir frá starfi sínu
6. Umræður

Fundurinn fer fram í mötuneyti bæjarstarfsmanna Linnetstíg 5 þriðjudaginn 18. nóvember kl 17:00. Gengið er inn stigagang á milli Íslandsbanka og Blómabúðarinnar Burkna og þar upp á þriðju hæð og þar er fundar- og mötuneytisaðstaða okkar.

Geir Bjarnason



Geir Bjarnason, æskulýðs- og forvarnafulltrúi Hafnarfjarðar  
Forstöðumaður Hússins og Mótorhússins  
Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar